



Greinargerð

Verkheiti: Fossvogsskóli - Ýmsar framkvæmdir

Dags. 07.08.2019

Málefni: Greinargerð til Agnar Guðlaugssonar USK

Höfundur: Kristinn J. Gíslason

Hönnuðir: Verkís, Efla, VSÓ, Mannvit, TGH arkitektar

1. Almenn

Framkvæmdir sem verið er að vinna í Fossvogsskóla í sumar og haust eru: Endurbætur vegna rakaskemmda innanhúss, endurnýjun þaka Vestur- og Meginlands, endurnýjun lotræsisamstæðna Vestur- og Meginlands, framkvæmdir í matsal, lóðarframkvæmdir, glerveggur í bókasafni og reglubundið viðhald skólans.

2. Niðurrif - Sýnatökur

Stefán Andréssons hjá Verkís hefur staðfest að nú séu aðgerðir vegna rakaskemmda í Megin- og Austurlandi á lokastigi. Búið er að upplýsa USK/Á.S. smíði um allar nauðsynlegar aðgerðir og eru framkvæmdir við þær á lokastigi. Í gær var farið yfir Austur- og Meginland með Indriða og skoðaði Indriði þær minniháttar aðgerðir sem eftir er að klára, aðgerðum verður lokið fyrir helgi.

Óloknað aðgerðir í Vesturlandi eru aðallega fólgnar í endurnýjun hluta þakvirkis ofan við burðarbita. Vinna við þær hefjast þegar vinnu við Megin- og Austurland líkur.

3. Framkvæmdir þaks Meginlands og innanhússfrágangur Megin- og Austulands

Staða framkvæmda er eftirfarandi:

Þak Meginlands: Framkvæmdir á lokastigi lokið við að setja bárujárn á þak, eftir er að setja Polycarbonate plötur á þakglugga, ásamt ýmsum smá lokafrágangi við lofttúður ofl.

Innanhússfrágangur Meginlands: Dúkalagningu í kennslueldhúsi er lokið, verið er að dúkleggja gang, reiknað er með að dúklagning klárast í byrjun næstu viku. Málun klárast í lok vikunnar, loftaklæðningum kennarastofu og íþróttahúss verður lokið í þessarri viku.

Raflagnir og uppsetning hreinlætistækja klárast fyrir verklok. Reiknað er með að innréttingar verði komnar upp fyrir opnun skóla með fyrirvara um svör arkitekta og biðtíma vegna pöntunar. Skápar innréttinga koma á verkstað síðar í dag, hurðir, skúffur og frontar koma síðar.



Skápar verða settir upp fyrir 15. ágúst, hurðir, skúffur og frontar þegar þeir berast. Loftræsisamstæða Meginlands verður gangsett um 15. ágúst nk.

Austurland: Málun er lokið. Verið er að klára að setja upp eldvarnarplötur í glervegg.

Vesturland: Unnið er að uppsetningu loftræsikerfis. Uppsetningu á gipsloftum í geymslum á tengigangi er lokið verið er að ljúka málun lofta, gólf verða dúklögð örðuhvoru megin við helgi. Settar verða upp hillur í geymslur.

4. Fundir

Vikulegir verkfundir hafa verið haldnir og verða haldnir til verkloka.

5. Útboð og verðfyrirspurnir

Verklok

Verklok innanhúss Megin- og Austurlands eru áætluð 15. ágúst nk.

Verklok innanhúss og þaks Vesturlands eru áætluð í lok nóvember.

Verklok sögunar veggja í matsal og veggja á lóð eru áætluð 18. nóvember.

Verklok lóðarfrágangs eru áætluð í lok nóvember.

Tilvitnanir - Viðhengi

Undirskrift:

Kristinn J. Gíslason
Verkfræðingur M.Sc.